

Ilmur blómanna

Þar sem ég lá eins og veikburða gamalmenni þrátt fyrir ungan aldur og fylgdist með syni mínum hlaupa fram og til baka við að aðstoða lækninn þóttist, ég finna ilminn -- ilm blómanna hennar – og ég vissi að ég ætti ekki langt eftir.

“Læknir,” sagði ég hásrí röddu við lækninn sem var að rannsaka fótinn á mér. Það hafði komist drep í hann og sársaukinn var nánast óbærilegur.

Læknirinn leit á mig yfir þríhyrnd gleraugun.

“Já, herra Keaton?”

“Ég á ekki langt eftir og ég vil þakka fyrir allt sem að þú hefur gert fyrir mig, en væri þér ekki sama þó að þú leyfðir mér að eiga stund með syni mínum.”

“En.. Faðir?!,” mótmælti Thomas, sem stóð með blautt klæði í höndunum og rétti í áttina að lækninum

Drengurinn, sem var aðeins sextán ára, virtist hafa elst um mörg ár seinustu vikuna, síðan drepið uppgötvaðist. Roðinn var farinn úr kinnum hans, augun voru sífellt rauð vegna svefnlausra nóttu og áhyggjur hans gerðu það að verkum að hann hafði ekki lyst á mat.

Thomas otaði klæðinu í áttina að lækninum sem eftir andartaks hik, þar sem hann leit fram og til baka á milli okkar feðranna, tók við því og lagði það á fót mins.

“Veistu, Thomas,” sagði læknirinn á meðan hann pakkaði fætinum á mér inn í klæðið. “Faðir þinn hefur rétt fyrir sér, ég ætti að leyfa ykkur að fá smá tíma í einrúmi.”

“Getur þú ekki gert eitthvað fyrir hann?” hrópaði Thomas. „Hvers konar læknir ertu? Þetta er bara smá sár!“

“Thomas,” sagði ég hvasst.

Thomast kreppti saman hnefana og starði niðurlútur á gólfið.

“Þetta er allt í lagi, Thomas,” sagði læknirinn rólega. “En mér þykir fyrir því, það eina sem að ég get gert er að koma í veg fyrir að sársaukinn verði óbærilegur.”

Thomas neitaði að mæta augnaráði læknisins heldur hélt áfram að stara einbeittur á fúnað viðargólfið. Herbergið fylltist af kvíðaþrunginni þögn og læknirinn neri saman höndunum, óviss um hvað hann skildi gera næst.

“Þakka þér fyrir allt, læknir,” sagði ég og rétti lækninum höndina sem hann tók í, sorgmæddur á svipinn. „Afsakaðu hvernig sonur minn lætur...”

Læknirinn tók í hönd mína og hristi hausinn. „Hafðu ekki áhyggjur af því,” sagði hann. „Þetta getur ekki verið auðvelt fyrir drenginn.“ Hann leit á Thomas sem enn neitaði að líta á hann. „Ég verð niðri ef þið þarfnist mín“. Læknirinn tók saman áhöldin sín í stóru leðurtöskuna í flýti og hraðaði sér út.

“Hjálpaðu mér að setjast upp,” sagði ég og Thomas flýtti sér yfir til mín og hjálpaði mér að setjast upp, auk þess sem hann lagaði koddana við bakið á mér.

Ég tók í hendi sonar míns og leit í augu hans. Þau voru svo lík augum hennar.

“Ég held að það sé kominn tími til að segja þér frá móður þinni,” sagði ég.

“Faðir,” sagði Thomas alvarlega en hann gat ekki leynt spennunni í rödd sinni. “Er þetta virkilega rétti tíminn, þú þarft að hvílast.”

Ég lét sem að ég heyrði ekki í honum og hélt áfram. “Ég hef aldrei virkilega sagt þér frá henni. Aldrei sagt þér frá því hvernig hún fagnaði vorinu með því að taka undir söng fuglanna, eða hvernig hún dansaði í rigningunni, hvernig sólarljósið lét augu hennar glitra sem demanta á sumrin og lét hana hreinlega glóa, eða þá hvernig hún hljóp út þegar fyrsti snjórinn kom, lokaði augunum og sneri andlitinu til himins, ég hef heldur aldrei sagt þér hvernig hún átti það til að leggjast í laufa hrúgur á haustin, en það sem verra er að ég hef aldrei sagt þér hvernig hún hélt á þér þegar þú varst lítill, hvernig hún horfði á þig eins og þú værir miðja alheimsins, hvernig hún kíkta á þig þegar þú varst sofandi, til að ganga úr skugga um að það væri allt í lagi með þig.”

Thomas sat þögull og starði beint fram fyrir sig, augun þokukennd og

hugsi.

Ég strauk honum um höfuðið, eins og ég gerði svo oft þegar hann var aðeins lítill strákur.

“Það voru mistök hjá mér og missir fyrir þig,” sagði ég hægt. “Ég átti að segja þér frá henni daglega, halda minningu hennar á lífi...”

Ég hafði varla látið út úr mér síðasta orðið þegar ég fæ ægilegt hóstakast og grey drengurinn tók á sig stökk og flýtti sér að grípa glas af vatni sem stóð á nálægu borði, lyfti því upp að vörum mér og hjálpaði mér að drekka það.

“Takk, takk,” sagði ég þegar hann lagði glasið frá sér á náttborðið.

“Ertu viss um að þú viljir ekki hvílast?” sagði Thomas áhyggjufullri röddu.

“Ég hef heila eilífð til þess.”

“Faðir, ekki segja þetta,” bað Thomas.

“En þetta er sannleikurinn,” sagði ég rólega. “Thomas, ég á ekki langt eftir, en mér finnst ég verða að segja þér þetta, ég vil að þú vitir hver móðir þín var, hvernig hún var...”

Thomas kinkaði kolli og var enn í harðri baráttu við tárin. “Allt í lagi, allt í lagi,” sagði hann brostinni röddu.

Ég hallaði mér aftur og lokaði augunum. Ég sá hana fyrir mér í blóma lífsins, ég hafði aldrei fyrr leyft mér að dvelja við hugsanir um hana, hræddur um að þær næðu yfir hendinni, en núna skipti það ekki máli, þegar allt var að líða að lokum hvort eð var.

“Faðir?” Thomas virtist mjög áhyggjufullur, ég hafði beðið of lengi með að tala.

“Þetta er allt í lagi,” sagði ég. “Ég vil segja þér frá henni. Manst þú þegar ég sagði þér frá því hvernig hún leit út? Fíngert ljóst hárið sem rammaði inn andlitið hennar en gylltir lokkarnir urðu liðaðri því neðar sem dró, hárið náði rétt niður á mitti. Hún var grönn og fingerð, svo fögur. En það besta við hana var lífsgleðin, þú erfðir lífsgleðina hennar, hún gat alltaf séð fyrir endann á öllu og gat fengið mig til að brosa, sama hvað gekk á. Hún getur það enn þann dag í dag. Þegar ég hugsa um hana færir það bros

á varir mér.

Ég var ungur, á aldri við þig, þegar ég flutti til þorpsins. Ég vann hjá kaupmanni nokkrum. Það gekk saga, á þessum tíma, þú hefur eflaust heyrt um hana. Sagan var um norn sem bjó rétt fyrir utan þorpið. Hún var yndisfögur en sagan sagði að hún væri eldri en tíminn sjálfur. Hún lokkaði til sín unga karlmenn. Hún lokkaði þá inn í garðinn sinn þar sem var alltaf sumar, blómin voru alltaf á sínu fallegasta stigi.

Sagt var að þegar þangað var komið tók ilmur blómanna við. Ilmurinn gat gert hvern mann vitstola. Það var sagt að hún skildi þá eftir, í garðinum. Þar sem þeir lágu og grátbáðu hana að koma aftur, ekki vegna hræðslu heldur vegna ástar til hennar.

Hún færði þeim allskonar mat, að mestu fitandi. Svo um nótt, þegar tungl var fullt, þá kom hún til þeirra í líki úlfs og gleypti þá í einum bita.

Ég vissi auðvitað að þetta væri eintóm firra. Ég hló upp í opið geðið á þeim sem að trúðu þessari sögu og sagði við hvern þann sem heyra vildi að ég væri svo sannarlega til í að hitta slíka konu, enda ætti sá maður sem hræddist konu ekki möguleika í mig.

En stóri munnurinn minn kom mér í klandur, ég var barinn eitt kvöldið þar sem ég var á leið heim eftir dag á markaðnum, ég var barinn svo illilega að engu munaði að ég léti lífið.

Þegar mennirnir voru farnir kom kona til mín, hún var á aldri við mig. konan, Katarína, tók mig heim til sín, hún átti heima í útjarði þorpsins. Hún hlúði að sárum mínum og áður en varði var ég orðinn alveg hress.”

Ég rétti fram höndina í áttina að vatninu. Thomas tók kipp og flýtti sér að bera glasið að vörum mér. Þegar ég hafði tekið nokkra sopa bægði ég því frá mér og þakkaði fyrir mig.

“En þegar ég var læknaður, þá fékk ég mig ekki til að fara. Ég þóttist ennþá vera með hita og aumur eftir barsmiðarnar, ég veit að hún sá í gegnum mig, en ég held að hún hafi notið félagsskaparins.

Fljótlega byrjuðum við að ræða meira saman. Við urðum nánari, ég hætti að þykjast vera veikur og byrjaði að hjálpa til á heimilinu. En ég vissi að hún var ekki öll þar sem hún var séð. En ég hugsaði aldrei neitt

virðilega út í það. Tilfinningin sem ég fékk þegar ég var í kringum hana kæfði allar efasemdir. Fljótlega urðum við meira en bara vinir, við urðum allt sem mig hafði nokkurn tíma dreymt um.

Eitt kvöldið segir hún mér að koma með sér út í garð, ég hafði aldrei komið þangað fyrr. Ég byrja að fá efasemdir enda búinn að heyra söguna um nornina og garðinn hennar frá því að ég kom til þorpsins.

Garðurinn hennar var yfirnáttúrulega fallegur. Tunglsljósið lýsti allt upp svo hann glóði í silfurlitri birtunni. Ilmur blómanna fyllti vit mín, grasið var svo undursamlega mjúkt undir fótum mér. En ég hafði samt efasemdir. Garður nornarinnar var sagður fallegur.

Móðir þín skynjaði efasemdir mínar og hló, dillandi hlátri fullum kátinu. Hún tók í hendur mínar og leiddi mig lengra inn í garðinn, svo slepti hún takinu á mér og sleit varlega upp eitt blóm, hún lokaði augunum og virtist einbeita sér. Ég starði á blómið og sá hvernig það opnaðist og lokaðist. Hræðslan kæfði allar aðrar tilfinningar og ég tók til fótanna en nálægur runni vafðist að sjálfsdáðum um fætur mér svo ég féll í mjúkt grasið.

Móðir þín settist hjá mér. Hún sagði mér að hún væri norn, en hún sagðist líka ekki breytast í úlf á nóttunni, hún sagðist aldrei hafa borðað neinn eða lokað úti í garðinum sínum. Hún sagðist heldur ekki ætla að meiða mig.

Ég treysti henni og áður en langt um leið vorum við orðin yfir okkur ástfangin.

Þegar ár var liðið komst þú í heiminn. Við vorum yfir okkur ánægð. Ég veit bara að ég gat ekki ímyndað mér hvað ég myndi gera án ykkar.”

Þarna varð ég að taka mér smá hlé á sögunni. Ég var þurr í munninum og bað Thomas um að hjálpa mér að drekka.

“Faðir,” sagði Thomas varlega þegar hann lagði frá sér glasið aftur. “Ertu viss um að það sé ekki best að þú hvílir þig núna?”

“Ég verð að klára þessa sögu, vinur,” sagði ég hásrí röddu. “Ef að ég á einhvern tíma að klára hana þá er það núna.”

Thomas kinkaði áhyggjufullur kolli. Þegar ég hugsaði út í það hafði ég

aldrei séð hann eins sorgmæddan, hræddan og áhyggjufullan.

“Þetta verður allt í lagi,” sagði ég og Thomas leit hissa á mig. “Þú átt eftir að eiga gott líf eftir andlát mitt. Við verðum að komast yfir hindranir í lífinu, Thomas, án hindrana væri lífið líka heldur dauft.”

Thomas sagði ekki neitt heldur tók aðeins um hönd mína. Ég vissi að hann fann, rétt eins og ég, að ég ætti ekki langt eftir.

“Eitt kvöldið, þegar þú varst aðeins tveggja ára, komu menn úr þorpinu og réðust inn í kofann okkar. Ég var að svæfa þig á meðan móðir þín var frammi að taka til eftir kvöldmatinn. Ég heyrði þegar þeir brutu niður hurðina. Ég heyrði þá saka móður þína um svarta galdur.

En ég hef aldrei verið hugrakkur maður. Allt mitt hugrekki hefur aðeins verið í orðum sem lýsa ofar sannleiknum. Ég þaggaði niður í þér, tók þig upp og læddist út um bakdyrnar.

Móðir þín var drepin þarna og ég gerði ekkert í því. Ég hef lifað með það á samviskunni allt mitt líf, ég skil það vel að þú eigir eftir að sjá mig sem þann djöful sem ég er, en aldrei efast um það að ég elska bæði þig og móður þína.”

Ég gat fundið fyrir augnaráði Thomasar en ég gat ekki fengið mig til að mæta því. Hluti af mér sá eftir að hafa sagt honum þetta, sá eftir því að eyðileggja þá minningu sem hann átti af föður sínum, en annar hluti af mér var feginn að hafa komið þessu frá sér.

Thomas virtist vera í þungum þönkum. Svo tók hann um hendi mína og þrýsti hana.

“Faðir,” sagði hann. “Lýttu á mig.”

Ég færði höfuðið treglega til á koddanum og leit á hann. Hann var með tár í augunum.

“Þetta er allt í lagi,” sagði hann. “Þú gast ekkert gert! Ef að þú hefðir reynt að gera eitthvað í málunum hefði ég alist upp sem munaðarleysingi, og það er ef að þeir hefðu leyft mér að lifa, og hverjar eru líkurnar á því, sonur nornar?”

Faðir, þú gast ekkert gert. Ekki kenna sjálfum þér um þetta. Móðir mín hefði ekki viljað að eitthvað kæmi fyrir okkur. Hún hefði ekki viljað að

ég ælist upp munaðarlaus.

Ég fyrirgef þér og ég er viss um að móðir mín myndi gera það sama ef að hún væri hér en þú verður að fyrirgefa sjálfum þér.”

Ég kreisti hendi hans og ég fann hann kreista mína á móti. Ég fann tárin kreistast fram og ég reyndi ekki að halda aftur af þeim. Ég vissi að þetta hafði verið það sem að ég var að leita eftir. Fyrirgefning. Það var allt sem að ég þurfti til að fara með friði og ró og taka afleiðingum gjörða minna, sonur minn fyrirgef mér, það var allt sem að ég þurfti að vita.

“Vertu sæll, sonur,” hvíslaði ég.

Ég sá andlit sonar míns í gegnum þokuna sem fyllti sjón mína. Hann var hættur að halda aftur af tárunum og hélt hönd minni upp að andliti sér.

Ég fann heitan gust fara um höndina sem hann hélt ekki um og fann ilm blómana umlykja mig. Ég vissi að hún var komin að sækja mig.

Ég lokaði augunum með bros á vör.

“Katarína...” heyrði ég sjálfann mig hvísla eins og í fjarska.